

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um minni grasslátt á umferðareyjum - MSS22070057

Lagt er til að Reykjavíkurborg hætti að slá gras á mönnum og umferðareyjum. Að slá þessi svæði er óþarfi eins og margir hafa bent á. Þarna er færi á að spara án þess að spilla umhverfinu að nokkru ráði. Villigarðar eða órækt er nú viðurkennd sem hluti af sjálfbærni. Þessi svæði eiga að fá frið til að þróast samkvæmt náttúrulegum ferlum.